

REGLUGERÐ

um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga.

I. KAFLI

Aðflutningsskýrslur og aðflutningsskjöl.

1. gr.

Áður en viðtakendur vitja aðfluttra póstsendinga, sem teknar eru til tollmeðferðar, skulu þeir afhenda hlutaðeigandi póstaðgreiðanda skýrslu um hvaða vörur séu í sendingunni, magn þeirra og verð, sem aðflutningsgjöldin eru ákveðin eftir, og um önnur atriði, sem póstmenn og tollmenn þurfa að fá vitneskju um, vegna tolleftirlits og tollheimtu og eyðublöð þau greina, sem verða til afnota undir aðflutningsskýrslur.

Þá eru viðtakendur skyldir að leggja fram fyrir póstmenn og tollmenn fylgibréf, innkaupsreikninga, tollskýrslur og önnur skjöl, sem við koma aðfluttri vöru í pósti, og póstmenn og tollmenn þurfa að fá vitneskju um, vegna tolleftirlits og tollheimtu.

Vanræksla á að gefa aðflutningsskýrslur, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur eða tollskyld verð vara, telst til brota gegn 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit.

Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 2. mgr., eða ef lögð eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, varðar sektum.

Samkvæmt lögum er, ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, þeim, sem heimtíð inn tollinn af vörunni, rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

II. KAFLI

Tollmeðferðin.

a. Hvað skuli taka til tollmeðferðar og eftir hverju skuli farið.

2. gr.

Til tollmeðferðar skal jafnan taka þessar sendingar:

1. Bréfaþóstsendingar og verðþóstsendingar með grænum tollmiða.
2. Bréfa og verðþóstsendingar, sem ætla má, að í séu lyfjavörur og eiturtegundir, svo sem ópíum, kókaín og morfín.
3. Bréfa- og verðþóstsendingar, sem ætla má að í séu aðflutningsgjaldskyldar vörur, vörur, sem bannaður er innflutningur á, eða vörur, sem ekki má flytja hingað til lands, nema fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, svo sem með innflutningsleyfi.
4. Alla póstbögglar, nema böggla, sem samkvæmt utanáskrift eiga að fara til sendiherra erlendra ríkja og sendiræðismanna, enda sé við afhending böggla afhent yfirlýsing hlutaðeigandi sendiherra eða sendiræðismanns um, að vörurnar í böggulunum séu til eigin nota viðtakanda.

Þegar talað er um vörur í reglugerð þessari, er átt við alla hluti, hverja sem eru.

3. gr.

Til þess að ákveða, hvort aðflutt sending skuli tekin til tollmeðferðar, skulu póstmenn fara eftir þessum reglum:

124

29. nóv.

1. Allar bréfasendingar með grænum tollmiða skulu sæta tollmeðferð.
 2. Öll önnur bréf skulu afhendast viðtakanda, án tollmeðferðar, nema ætla megi, að í slíkum sendingum séu vörur, sem aðflutningsgjöld ber að greiða af, vörur, sem bannaður er innflutningur á, eða vörur, sem ekki má flytja hingað til lands, nema fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, en þegar svo ber undir, skulu póstmenn tilkynna viðtakanda komu sendingarinnar og skora á hann að opna sendinguna í viðurvist póstaðgreiðanda.

3. Allar opnar sendingar, svo sem verzlunarskjöl og prent, skulu rannsakaðar af póstmönnum. Ef ekki eru í þeim aðflutningsgjaldskyldar vörur, vörur, sem bannaður er innflutningur á eða ekki má flytja hingað til lands, nema með ákveðnum skilyrðum, skulu póstmenn afhenda viðtakendum sendingar þessar, án frekari aðgerða. Séu hinsvegar í þeim aðflutningsgjaldskyldar vörur, vörur, sem bannaður er innflutningur á eða ekki má flytja hingað til lands, nema með ákveðnum skilyrðum, eða ef póstmenn eru í vafa um það, hvort þannig sé ástætt um opnar sendingar, skulu þær sæta tollmeðferð.

b. Tollskoðun og tollflokkun.

4. gr.

Tollmenn skoða og tollflokka vörur, sem afhentar eru til tollmeðferðar á póstofuna í Reykjavík. Utan Reykjavíkur skulu, nema svo standi á, sem segir í 5. gr., sérstakir tollgæzlumenn, þar sem þeir eru, framkvæma störf þessi, ef þeir geta annað þeim, en ella og annarstaðar á landinu annast póstmenn störf þessi.

5. gr.

Nú skoða tollmenn í Reykjavík eða sérstakir tollgæzlumenn utan Reykjavíkur póstsendingar annarsstaðar en á ákvörðunarstað sendinganna, og þeim fylgir innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem tilgreinir nákvæmlega tegund, magn og tollverð varanna, og skulu þá þeir tollmenn, sem skoða innihald sendinganna, merkja við vörurnar á skjölunum eftir tollflokkum. Tollmaður sá, sem framkvæmir skoðunina, skal geta nafns síns á skjalinu, þar sem tollmerkt er við vörurnar.

Nú skoða hinsvegar tollmenn, sem um ræðir í 1. mgr., utan ákvörðunarstaðar póstsendingar, sem ekki fylgir innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem tilgreinir nákvæmlega tegund, magn og tollverð vöru, og skulu þá þeir tollmenn, sem skoða innihald sendinganna eftir tollflokkum, svo og magn hverrar vörutegundar.

Tollseðill þessi, sem skal undirritaður af þeim, sem framkvæma skoðunina, fylgir síðan sendingunni til ákvörðunarstaðar og er þar lagður til grundvallar um innihald hennar, nema sérstök ástæða þyki til, að skoðun fari fram aftur.

c. Tollheimtan.

6. gr.

Aðflutningsgjöld af póstsendingum skal greiða og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir innflutningi fyrir póstaðgreiðanda, sem afhendir sendinguna til viðtakanda, og skulu gjöldin greidd og fullnægt skilyrðunum, áður en sendingin er afhent.

Nú hljóðar innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem verðtollar eru ákveðnir eftir, um fjárhæð í erlendri mynt, og skulu þá verðtollarnir á þeim stöðum, sem bankar eru, reiknaðir eftir því sölugengi á henni, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi á komudegi póstsendingar til ákvörðunarstaðar, og er bönkum og útbúum þeirra skylt að gefa póstmönnum, sem innheimta aðflutningsgjöld, upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á téðri mynt og ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir gengi

póstávisana, útfarinna héðan. Ef ekkert slíkt póstávisanagengi er skráð, skal ákveða verðtollinn eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður. 124

29. nóv.

Á þeim stöðum, sem engir bankar eru, og pósthúsum er ókunnugt um bankagengi, skal telja verðtollana eftir gengi póstávisana, útfarinna héðan, á komudegi póstsendingar til ákvörðunarstaðar. Ef ekkert slíkt póstávisanagengi er skráð, skal ákveða verðtollana eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

7. gr.

Pegar viðtakandi aðfluttrar póstsendingar, sem tekin hefir verið til tollmeðferðar, hefir afhent póstmanni aðflutningsskýrslu og önnur aðflutningsskjöl, at-
hugar tollmaður eða póstmaður skjöl þessi, ber þau saman við vörur þær, sem í sendingunni eru, og tollflokkar vörurnar. Síðan gefur póstmaður út tollreikning fyrir sendingunni, en jafnframt því stimplar hann innkaupsreikninginn, tollskýrsluna eða annað skjal, sem tilgreinir það magn og þá fjárhæð, sem aðflutningsgjöldin voru reiknuð af, með tollstimpli þeim, sem um ræðir í 8. gr., og tölusetur það skjal því númeri, sem tollreikningurinn ber, en á tollreikningseyðublaðinu er fyrirvari um það, að hann, ásamt stimpluðum innkaupsreikningi, tollskýrslu eða öðru skjali, sem ber sama númer og tollreikningurinn, sé sú eina lögfulla kvittun fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörum þeim, sem reikningurinn hljóðar um, enda skal þess getið á tollreikningnum, hvort innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal var stimplað og tölusett.

Ef um er að ræða sendingar, sem ekki fylgir innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem tilgreinir magn vara eða verð, vottar tollmaður eða póstmaður um það á aðflutningsskýrsluna, hvort þar sé rétt skýrt frá um innihald sendingar og magn, og hvort verð eða verðmæti vörunnar sé sennilegt.

8. gr.

Pegar póstmaður tekur á móti aðflutningsgjöldum, skal hann jafnan láta þeim, sem greiðir, í té kvittaðan tollreikning.

Póststjórnin lætur gera sérstök reikningahefti undir tollreikninga. Tollreikningar þessir eru tölusettir, og skal hver tollreikningur tvíritaður. Annað eintakið, sem tollgreiðandi fær, er rifgatað, en hitt eintakið er fast í heftinu. Að aflokinni notkun skulu reikningaheftin, ásamt aðflutningsskýrslum, send póststjórninni til endurskoðunar.

Þá lætur fjármálaráðuneytið gera til afnota fyrir póstmenn, sem innheimta aðflutningsgjöld, sérstaka stimpla, sem notaðir skulu við stimplun innkaupsreikninga, tollskýrslna og annara skjala, sem höfð er hliðsjón af við ákvörðun aðflutningsgjalda.

III. KAFLI

Ýms ákvæði.

9. gr.

Póstmönnum bera 4% af aðflutningsgjöldum í innheimtulaun. Setur póst- og símamálastjóri nánari reglur um þá þóknun, svo og um reikningsskil póstmanna fyrir aðflutningsgjöldum.

10. gr.

Af póstsendingum, sem ekki fara úr vörzlum póstsins og endursendar eru til útlanda eða frá útlöndum, skal ekki greiða aðflutningsgjöld.

Aðflutningsgjöld, hvort sem eru vörumagnstollar eða verðtollar, greiðast af gjöfum og öðru því líku.

124

29. nóv.

Mál út af brotum á 4. mgr. 1. gr. sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir renna í ríkissjóð.

11. gr.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í 47. og 48. gr. laga frá 31. des. 1937, um tollheimtu og tollaftirlit.

Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

125

29. júní

ERINDISBRÉF

fyrir sildarmatsmenn.

1. gr.

Sildarmatsmenn skulu leggja stund á að vera sem færastir í því að geta dæmt um gæði og flokkun sildarinnar. Þeir skulu, eftir því sem þeir eiga kost á, afla sér þekkingar í öllu, er lýtur að starfi þeirra, kröfum kaupendanna um vörugæði, og framförum í sildarverkun.

Matsmenn skulu hafa það hugfast, að tilgangur matslaganna er að auka vöruvöndun og afla vörunni álits og trausts kaupenda. Þeir skulu því eftir fremsta megni gera sitt til þess, að þessum tilgangi verði náð, með því að kveða upp réttlátan dóm um vöruna í hvert sinn. Þeir eiga að koma fram með stillingu og festu og varast að fara í kappræður við aðra um gæði og galla vörunnar. Þeir mega ekki taka tillit til álits annara á sildinni, hvort heldur er kaupanda, seljanda eða óviðkomandi manna, heldur skulu þeir byggja dóm sinn á eigin áliti, sem þeir þó verða að forðast að mynda sér, fyrr en þeir með nákvæmri skoðun hafa fengið glögg yfirlit yfir gæði og galla vörunnar, en þá fyrst skulu þeir fella úrskurð sinn í fullu samræmi við það, sem tekið er fram í matsreglum.

2. gr.

Matsstjóri er yfirboðari matsmanna og ber þeim að hlýða fyrirskipunum hans um framkvæmd matsins. Í vandamálum, sem fyrir kunna að koma viðvíkjandi matinu, ber matsmönnum að ráðfæra sig við matsstjóra. Matsmenn skulu, eftir því sem tími þeirra leyfir, kynna sér verkun sildarinnar almennt í umdæmi sínu. Skulu þeir hafa frjálsan aðgang að söltunarstöðvum, og ber saltendum skylda til að sýna þeim það, er þeir krefjast, og veita þeim þær upplýsingar, er þeir fara fram á. Ef matsmaður verður þess áskynja, að verkuninni sé að verulegu leyti ábótavant, skal hann tilkynna það matsstjóra, sem þá athugar málið og aðstoðar saltendur, ef þeir óska þess, við að koma verkuninni í betra horf. Verði matsmaður var við, að matslögin séu brotin, skal hann ávallt tilkynna það matsstjóra, auk þess sem hann skal kæra fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, ef um verulegt brot á matslögnum er að ræða.

3. gr.

Matsmenn útbýta til saltenda eyðublöðum undir skoðunarbeiðnir og leiðbeina þeim, sem þess óska, um útfyllingu þeirra. Matsmenn skulu að jafnaði afgreiða beiðnir um mat í þeirri röð, er þær berast þeim, en þó er matsmanni heimilt að breyta röðinni, ef það upplýsist, að nauðsynlegt sé vegna útflutnings að afgreiða beiðnir, er síðar koma, á undan þeim fyrri. Það er brýnt fyrir matsmönnum að